

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 KÓPAVOGUR

**2001040018**  
2503; 2504; 9310

Reykjavík, 18. maí 2001  
/--

**Efni: Styrking sjóvarnargarðs, Garðskagi-Lambarif, Sandgerðisbæ og Gerðahreppi.  
Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð styrking á hluta sjóvarnargarðs frá Garðskaga að Lambarifi á mörkum Sandgerðisbæjar og Gerðahrepps samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Sandgerðisbæ með bréfi dags. 9. maí 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er styrking grjótvagnar og fjörukambs til að koma í veg fyrir landbrot. Áætlað efnismagn er 2100 m<sup>3</sup> og verður efnið tekið úr opinni námu við Helguvík. Fram kemur að framkvæmdirnar eru á vinsælu útivistarsvæði og að fjaran sé á náttúruminjaskrá.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt**

Í sameiginlegri umsögn bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar og sveitarstjórnar Gerðahrepps kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki matsskyld. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Fjörusvæði**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt

búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða styrkingu grjótvagnar og fjörukambs á hluta sjóvarnargarðs á Garðskaga að Lambarifi á mörkum Sandgerðisbæjar og Gerðahrepps. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar á svæði sem er vinsælt til útivistar og er fjaran á náttúruminjasrá. Skipulagsstofnun telur með tilliti til framlagðra gagna og svara framkvæmdaraðila að mögulegt sé að standa þannig að framkvæmdunum að þær hafi ekki verulegt rask í för með þar sem þær taka til afmarkaðs svæðis og efnismagn óverulegt, enda verði þess gætt að því verði stillt í hof eins og kostur er. Mikilvægt er að fólki verði tryggt gott aðgengi að fjörunni

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð styrking grjótvagnar á hluta sjóvarnargarðs á Garðskaga að Lambarifi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sandgerðisbæjar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, m.s.b. Sjóvarnirnar eru í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. júní 2001.

Stefán Thors

Jakob Gunnarsson

